

Gammafundur haldinn fimmtudaginn 10. Janúar 2019 að Stapaseli 12, Reykjavík.

María formaður setti fundinn og kveikti á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpsemi. Hún bauð fundarmönnum gleðilegt ár og þakkaði fyrir allar góðu samverustundirnar á liðnu ári.

1. Því næst var nafnakall sem Hildur Sk. framkvæmdi. Mættar voru 25 félagar: Edda Vikar, Guðný, Helga H., Helga Th., Hildur J., Hildur S., Hrefna S., Hrefna Þ., Ingibjörg Ein., Ingibjörg J., Jóhanna, Kristín B., Kristín J., Krístrún, Margrét, María, Pálína, Renata, Sigríður, Sigrún, Soffía, Svana, Stefanía, Vilborg og Þórunn.
2. Ritari las fundargerð frá fundi 4. desember 2018, sem var samþykkt samhljóða.
3. Formaður gaf Ingibjörgu Jónasdóttur orðið sem sagði frá gangi mála sem evrópuforseti DKG. Hún fór yfir stöðu verkefna varðandi ráðstefnuna – DKG þingið í júlí. Hvatti fundarmenn til að kynna sér heimasíðu ráðstefnunnar <https://dkgerc2019.weebly.com/> og taka þátt eftir föngum í öllu því sem þar er í boði. Ingibjörg Einarasdóttir sagði frá skemmti- og afþreyingarskipulagi þingsins og bað Gammakonur sem tilbúnar eru til að leggja lið þegar nær dregur þingið að láta sig vita. Hún minntist sérstaklega á ferðir sem yrðu í boði í tengslum við þingið og verður með þær eins og með annað á þinginu að hægt er að skrá sig á heimsíðu þingsins, en opnað verður fyrir bókanir 15. janúar nk.
4. HS sagði frá heimasíðu Gammadeildar, allir Gammafélar eru beðnir að senda mynd af sér til Hildar Sk. í síðasta lagi 20. janúar nk. Á dagskrá er að setja mynd við hvert nafn félagsmanna inn á heimasíðu Gammadeildar.
5. Formaður kynnti Jórunni Sigurðardóttur til leiks og sagði frá hennar störfum í gegnum tíðina, en hún kunnur útvarpsmaður á Rás 1, þar sem hún fjallar um bækur frá ýmsum hliðum. Hún var sæmd Jónasarverðlaununum á degi íslenskrar tungu 2013 sem er mikill heiður fyrir hvern þann sem hreppir þá viðurkenningu. Jórunn hafði verið beðin um að koma á fundinn til að halda utan um og stjórna árlegri bókmenntaumræðu Gammadeildar, sem hún þáði með ánægju. Hún hóf máls sitt á því að ræða sína sýn og upplifun á bókinni *Ungfrú Ísland* eftir Auði Övu Ólafsdóttur, sem Gammakonur áttu að lesa fyrir fundinn. Nefndi m.a. að henni hafi ekki geðjast að lýsingunni á Reykjavík á þessum tíma kringum 1963, en síðan hefði hún lesið bókina aftur og mælir eindregið með því að gera það. Telur bókina margslungna, með margvíslegar vísanir í aðrar bókmenntir og svo sé bókin einnig mjög ljóðræn og beri að lesa hana með það í huga. Síðan var hópunum skipt upp í þrjá hópa til að skilgreina innihald bókinnar frá sínum sjónarhóli, velta upp spurningum og ræða álitamál.
6. Kaffihlé var gert á milli umræðna, þar sem veglegt hlaðborð var í boði Gammakvenna frá og með Ingibjörgu Jónasdóttur til Þórunnar Björnsdóttur.
7. Eftir kaffihlé settist allur hópurinn saman og ræddi hver hópur um sína upplifun af bókinni. Jórunn tók virkan þátt í umræðunni sem var fjórleg, innihaldsrík og margvísleg sjónarhorn viðruð innan hópsins. Má segja að flest allir hafi verið ánægðir með bókina, þó álit og skoðanir hvers og eins á til dæmis á hegðun og aðgerðum aðalpersónanna hafi verið misjöfn eins gerist og gegnur í lífinu.
8. Að lokum eftir þessar líflegu umræður settist Þórunn við píanóið og sungið var hárra raust „Stóð ég úti í tungsljósi, stóð ég úti við skóg.“
9. Formaður sleit fundi kl. 22:00 og slökkti á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpsemi.

Ritari: Hildur Skarphéðinsdóttir